

Jarðvísindastofnun, Skipulagsstofnun, Hafnarfjörður,
Sveitarfélagið Vogar, Reykjanesbær, Grindavíkurbær.

28.mai 2020
2019-01-66/11.4

Efni: Suðurnesjalína 2. Náttúruvá og lega valkosta.

Frá því Landsnet skilaði Skipulagsstofnun matsskýrslu og þar til álit Skipulagsstofnunar lá fyrir, hafa orðið töluverðar jarðhræringar á Reykjanesi. Því hefur Landsnet í kjölfar álits Skipulagsstofnunar farið yfir umfjöllun um náttúruvá í umhverfismatinu. Í þeirri yfirferð hefur komið í ljós að umfjöllun um valkost B, „Jarðstrengur meðfram Reykjanesbraut“ tekur ekki til allrar strengleiðarinnar á milli Hafnarfjarðar og tengivirkis við Rauðamel á Njarðvíkurheiði.

Fyrirhugað línustæði valkosta er sýnt á höggunarkorti á meðfylgjandi mynd 5. í sérfræðiskýrslu¹ (og mynd 21.6 í matsskýrslu²). Þar er valkostur B „Jarðstrengur meðfram Reykjanesbraut“ sýndur með blárrí brotalínu og valkostur A „ Jarðstrengur meðfram Suðurnesjalínu 1“ með rauðri brotalínu. Nánar sést afmörkun valkosta B með tilliti til gliðnunarsvæða og misgengis á meðfylgjandi mynd nr. 13 úr sérfræðiskýrslu.


Til þess að tengja saman tengipunta í Hafnarfirði og á Rauðamel á Njarðvíkurheiði, eins og ætlunin er með Suðurnesjalínu 2, þarf valkostur B að ná að báðum þessum punktum. Hins vegar nær umfjöllun um valkost B og náttúruvá í texta sérfræðiskýrslu og matsskýrslu eingöngu til þess hluta valkosta B þar sem hann liggur við Reykjanesbrautina og skilur sig frá valkosti A. Sú umfjöllun skilar sér að lokum í álit Skipulagsstofnunar.³

¹ Ármann Höskuldsson, Þorvaldur Þórðarson, Þóra Andrésardóttir og Muhammad Aúfaristama. (2018) Náttúruvá á framkvæmdasvæði Suðurnesjalínu 2. Samanburður valkosta með tilliti til jarðhræringa. Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands.


https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1489/Matsskyrsla-SN2_200109-milliblod.pdf

² Suðurnesjalína 2, milli Hamraness í Hafnarfirði og Rauðamels í Grindavík. Matsskýrsla. VSÓ Rágöggjöf fyrir Landsnet (2019) https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1489/Matsskyrsla-SN2_200109-milliblod.pdf

³ Suðurnesjalína 2. Álit um mat á umhverfisáhrifum. (2020). Skipulagsstofnun. <https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1522/201901126.pdf>



Mynd 5: Sprungukort af svæðinu með fyrirhuguðum línustæðum SN1 og RNB. Kortið sýnir allar gliðunarsprungur og misgengi. Ljóst er af þessu yfirlitskorti að vesturhluti línustæðis er mun meira brotinn en austur hluti hennar. Sprungur og misgengi eldstöðvarkerfi.



Mynd 13: Sprungukort á fyrirhuguðu línustæði jarðstreng RNB. Kortið sýnir allar gliðunarsprungur og misgengi.

Í samantekt Jarðvísindastofnunar á bls. 40 og 41 er sett fram eftirfarandi niðurstaða um valkosti A og B í tengslum við höggun í næstu umbrotahrinu:

A: Jarðstrengur meðfram SN1: „... Vestari hluti fyrirhugaðs línustæðis, Strandarheiði-Njarðvíkurheiði, liggur yfir sprungusveim Reykjaneskerfisins af þeim sökum má reikna með raski á jarðstreng SN1 [SN2] vegna höggunar í tengslum við næstu umbrotahrinu.“

B: Jarðstrengur meðfram RNB: „... Vestari hluti fyrirhugaðs línustæðis jarðstrengs RNB, Strandarheiði-Njarðvíkurheiði, liggur utan við sprungusveim Reykjaneskerfisins af þeim sökum má reikna með litlu raski á jarðstreng RNB vegna höggunar í tengslum við næstu umbrotahrinu.“

Í matsskýrslu Landsnet segir á bls. 236

„**Línuleið B: Jarðstrengs meðfram Reykjanesbraut** um Strandarheiði og Njarðvíkurheiði, liggur utan við sprungusveim Reykjaneskerfisins af þeim sökum má reikna með litlu raski á jarðstrengnum vegna höggunar í tengslum við næstu umbrotahrinu.“

Aðalvalkostur, C: Loftlína um Hrauntungur og A: Jarðstrengur fara meðfram Suðurnesjalínu 1 á Strandarheiði og Njarðvíkurheiði liggur hins vegar yfir sprungusveim Reykjaneskerfisins og af þeim sökum má reikna með raski á jarðstreng og loftlínu vegna höggunar í tengslum við næstu umbrotahrinu.“


Í álitum Skipulagsstofnunar segir á bls. 18

„Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við ályktanir í matsskýrslu Landsnets um áhrif náttúruvár á Suðurnesjalínu 2, en telur þó að það sem þar kemur fram mæli fremur með lagningu jarðstrengs en loftlínu og mæli fremur með jarðstreng samkvæmt valkosti B, sem liggur utan sprungusveims Reykjaneskerfisins, heldur en legu samhliða þeirri raflínu sem fyrir er og liggur yfir sprungusveimnum.“

Enginn munur er á legu valkosta A, B og C á vestari hluta Njarðvíkurheiðar eins og skýrt sést á mynd 5. í sérfræðiskýrslu¹ og mynd 21.6 í matsskýrslu². Því miður gerist það að umfjöllun í texta umhverfismatsins um valkost B að gengið er út frá því að hann nái eingöngu rétt inn á austasta hluta þess, áður en valkostir sameinast og fara inn á sprungusvæðið. Það leiðir til þess að umfjöllun um valkost B með tilliti til náttúruvár er með þeim hætti sem vísað er til hér að framan.

Landsnet telur mikilvægt að koma þessum upplýsingum á framfæri við rannsóknaraðila, leyfisveitendur og Skipulagsstofnun, til þess að umræða um fyrirhugaða Suðurnesjalínu 2 og náttúrvá, byggji á réttum upplýsingum.

Virðingarfyllt


Smári Jóhannsson

Samrit sent: Jarðvísindastofnun, Skipulagsstofnun, Hafnarfjarðarbær, Sveitarfélagið Vogar, Reykjanesbær og Grindavíkurbær.

